

Til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna  
Þjóðahöllinni, Genf, Sviss

Reykjavík, 23. júní 2008

Varðar: Álit Mannréttindanefndar frá 24. október 2007 um mál nr. 1306/2004.

Frá félögum í samtökunum „Auðlindir í almannabágu“

Þetta bréf kemur í kjölfar annars bréfs um sama mál frá hr. Einari Kristni Guðfinnssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands. Við erum í hópi sem hefur sameiginlegan áhuga á meðferð fiskistofna á Íslandsmiðum.

Við höfum unnið saman að þessum málum í meira en áratug. Enginn okkar á neinna persónulegra hagsmuna að gæta í íslenskum fiskveiðum. Afskipti okkar af málinu eiga sér pólitískar og akademískar rætur auk þess sem okkur er annt um lýðræðið; við teljum að íslenska þjóðin verðskuldi fiskveiðistjórnunarkerfi sem virði mannréttindi, jafnrétti og atvinnufrelsi.

Þetta bréf er skrifað til að láta yður vita um óánægju okkar með viðbrögð ráðherrans við álitinu yðar. Okkur sýnist þessi óánægja ná til mikils hluta íslensku þjóðarinnar.

Í bréfi ráðherrans er gefið í skyn að það kunni að vera ómögulegt að skapa fiskveiðistjórnunarkerfi sem fullnægi öllum kröfum, þar á meðal kröfum um mannréttindi og um að allir séu jafnir fyrir lögum. Þessi lýsing á málavöxtum er að okkar dómi villandi.

Árið 2000 settu samtök okkar fram á opinberum vettvangi lagafrumvarp, sem ætlað var að leysa vandamálin sem ráðherrann virðist telja óleysanleg, og sem mundi samrýmast þeim sjónarmiðum sem koma fram í álitinu mannréttindanefndarinnar. Lykilatriði þessa frumvarps felst í því að aflahlutdeild hvers fiskiskips fyrnist um ákveðið hlutfall á hverju ári, til dæmis 10% eða 20%. Hlutdeildin sem losnar með þessu fellur til ríkisins sem býður hana til sölu á árlegu uppboði sem er opið öllum sem eiga fiskiskip og hafa veiðileyfi. Þegar til lengdar lætur tryggir þetta að jafnrétti ríki í aðgangi að auðlindinni.

Við teljum að kerfi samkvæmt tillögum af þessu tagi mundi í meginatriðum fullnægja öllum kröfum um mannréttindi og jafnrétti sem gerðar eru í löggjöf nútímans, bæði í landslögum einstakra ríkja og í alþjóðarétti, -- án þess að stofna í hættu neinum þeim markmiðum núverandi kerfis sem eru góð og gild. Við teljum að frumvarp okkar geri að engu röksemdir ráðherrans um þann vanda að finna nýtt kerfi í staðinn fyrir það sem nú er, jafnvel þótt kerfið yrði að lokum eitthvað frábrugðið því sem við leggjum til.

Lagafrumvarp okkar er sem stendur aðeins til á íslensku. Ef þér hafið áhuga gætum við látið þýða það á ensku.

Virðingarfyllst

Jónas Bjarnason efnaverkfræðingur  
Jónas Elíasson byggingaverkfræðingur  
Markús Möller hagfræðingur  
Sigurður Björnsson stjórnsýslufræðingur  
Tryggvi Agnarsson lögmaður  
Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarverktaki  
Þorsteinn Vilhjálmsson vísindasagnfræðingur  
Þorvaldur Gylfason hagfræðingur  
Þórólfur Matthíasson hagfræðingur